



Mannvirkjastofnun

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2016

Desember 2017

Efnisyfirlit

1	Inngangur	3
2	Niðurstöður og ábendingar	4
3	Viðbrögð við ábendingum	5
4	Fjárheimildir og rekstur	6
4.1	Fjárheimildir	6
4.2	Rekstraráætlun.....	6
4.3	Niðurstaða.....	6
5	Innra eftirlit.....	7
5.1	Inngangur	7
5.2	Umfjöllun	7
5.2.1	Tekjur	7
5.2.2	Launamál.....	8
5.3	Niðurstaða.....	8
6	Fylgni við lög og reglur.....	9
6.1	Inngangur	9
6.1.1	Ferðakostnaður.....	9
6.1.2	Risna.....	9
6.1.3	Opinber innkaup	9
6.1.4	Innkaupakort.....	9
6.1.5	Láns- og reikningsviðskipti	9
6.1.6	Styrkir.....	9
6.2	Niðurstaða.....	9
7	Endurskoðun efnahagsliða	10
7.1	Eignir	10
7.1.1	Ríkissjóður.....	10
7.1.2	Skammtímakröfur	10
7.1.3	Handbært fé.....	10
7.2	Eigið fé og skuldir	10
7.2.1	Höfuðstóll	10
7.2.2	Bundið eigið fé	11
7.2.3	Skammtímaskuldir	11
7.3	Niðurstaða.....	11
8	Önnur atriði	12
8.1	Staðfestingarbréf stjórnenda	12
8.2	Lögfræðibréf	12
8.3	Óhæðisyfirlýsing.....	12
8.4	Umfang endurskoðunar	12

1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Mannvirkjastofnunar fyrir árið 2016

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi stofnunarinnar og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur stofnunarinnar eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að *bókhald* og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðeigandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjáraukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Mannvirkjastofnunar var síðast tekinn til skoðunar á árinu 2015 vegna ársins 2014.

2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun ársreiknings Mannvirkjastofnunar fyrir árið 2016 er lokið. Ríkisendurskoðun vill koma eftirfarandi ábendingum og athugasemdum á framfæri;

1. Fjárheimildir

Ríkisendurskoðun bendir á að vanda þarf til fjárlagagerðar og færa sundurliðun fjárhæða í fjárheimildakerfi ríkisins nær raunverulegu umfangi, í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

2. Lotun tekna

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að Mannvirkjastofnun tryggi að allar tekjur skili sér til stofnunarinnar og að þær séu tekjufærðar á rétt tímabil. Einnig hvetur hún stjórnendur til að skoða hvort ekki sé hægt að nota tekjuskráningarluta kerfisins (AR), til að auka áreiðanleika í tekjuskráningu.

Þá beinir Ríkisendurskoðun þeim tilmælum til Mannvirkjastofnunar að kanna hvort hægt sé að fá staðfestan endurútreikning á mörkuðum tekjum frá endurskoðendum þeirra félaga sem skila byggingaröryggisgjaldi og rafveitueftirlitsgjaldi.

3. Gjaldfærsla veittra styrkja

Á árinu 2016 var gjaldfærð styrkveiting sem samþykkt var á árinu 2014. Ríkisendurskoðun bendir á að ekki var farið eftir meginreglu Fjársýslu ríkisins um veitta styrki, þar sem kveðið er á um að styrkveitendur skulu ávallt gjaldfæra veitta styrki á því reikningsári sem formleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin.

4. Bankareikningar

Mælt er til að stofnanir í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins hafi ekki bankareikninga nema brýn þörf sé til. Ríkisendurskoðun leggur til að kannað verði hvort ekki komi til álita að loka bankareikningum.

Eftirfarandi ábending er ítrekuð:

5. Skammtímaskuldir

Við endurskoðun ársins 2014 var mælt til að gerðar yrðu viðeigandi ráðstafanir varðandi eldri skuldir og ítrekar Ríkisendurskoðun þau tilmæli hér.

3 Viðbrögð við ábendingum

Eftirfarandi er umsögn Mannvirkjastofnunar við ábendingum Ríkisendurskoðunar vegna endurskoðunar ársreiknings 2016.

1. Fjárheimildir

Unnið verður að því í samráði við UAR að því að bæta þetta.

2. Lotun tekna

MVS mun sjá til þess að lotun verði rétt varðandi skráningu tekna í framtíðinni. Skoðaður verður möguleiki á að nota AR hluta Orra fyrir reikningaútskrift.

MVS mun senda beiðni til greiðenda um staðfestingu endurskoðenda þeirra á greiðslum liðins árs.

3. Gjaldfærsla veittra styrkja

MVS mun sjá til þess að styrkveitingar verði alltaf færðar til gjalda á því ári sem ákvörðun á sér stað.

4. Bankareikningar

MVS mun loka erlendum reikningum stofnunarinnar hjá Arion banka. Eftir það standa einungis einn reikningur hjá Arion banka og annar hjá Íslandsbanka sem viðskiptavinir leggja tekjur inn á. Einnig eru til reikningar fræðslusjóða sem eru til vegna ákvæða í tveimur stofnanasamningum stofnunarinnar sem til eru. Þannig fækkar stofnunin bankareikningum um tvo.

5. Skammtímaskuldir

Gerðar verða ráðstafanir til að biðja FJS um að ganga frá uppgjörsfærslum fyrri ára enda eru markaðar tekjur stofnunarinnar að falla úr bókum hennar.

4 Fjárheimildir og rekstur

4.1 Fjárheimildir

Samkvæmt fjárlögum var gert ráð fyrir því að rekstur Mannvirkjastofnunar væri fjármagnaður með innheimtu á mörkuðum tekjum og sértekjum. Tekjuafgangur ársins nam 310,5 m.kr. Af því fóru 31,9 m.kr. á höfuðstóll og 278,5 m.kr. voru fluttar á bundið eigið fé.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárheimildum og rekstri á árinu 2016 ásamt rekstrarniðurstöðum fyrir árið 2015:

Í þús. kr.	Fjárlög 2016	Fjárheimild 2016	Reikningur 2016	Frávik 2016	Reikningur 2015
Markaðar tekjur	-547.500	-547.500	-895.112	347.612	-819.837
Sértekjur	-23.500	-23.500	-3.383	-20.117	-14.753
Launagjöld	293.400	293.400	339.845	-46.445	318.121
Önnur rekstrargjöld	266.400	266.400	234.691	31.709	256.259
Eignakaup	7.900	7.900	4.340	3.560	4.527
Tilfærslur	3.300	3.300	9.136	-5.836	3.836
Samtals	0	0	-310.483	310.483	-251.848

Ríkisendurskoðun bendir á að umtalsverður munur er á fjárheimild einstakra liða og raunútgjöldum og mörkuðum tekjum. Markaðar tekjur, samkvæmt fjárheimildum, námu 547,5 m.kr. en þær voru 895,1 m.kr. eða 347,6 m.kr. hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Launagjöld ársins voru 46,4 m.kr. hærri en fjárheimildir gerðu ráð fyrir. Önnur rekstrargjöld voru 31,7 m.kr. innan fjárheimilda.

4.2 Rekstraráætlun

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að vandað sé til áætlanagerðar, áætlanir skráðar í fjárhagskerfið og að reglulega sé fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við rekstraráætlun ársins. Rekstraráætlun fyrir árið 2016 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins í rekstraráætlun var gert ráð fyrir 222,1 m.kr. tekjuafgangi samanborið við 310,5 m.kr. endanlega niðurstöðu. Í áætlun var gert ráð fyrir hærri mörkuðum tekjum en í fjárlögum eða 825,0 m.kr. Einnig voru gjöld að frádregnum sértekjum í rekstraráætlun áætluð hærri en samkvæmt fjárlögum eða 602,9 m.kr. Niðurstaðan varð 65,7 m.kr. hærri markaðar tekjur en í áætlun og 22,7 m.kr. lægri útgjöld.

4.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að vanda þarf til fjárlagagerðar og færa sundurliðun fjárhæða í fjárheimildakerfi ríkisins nær raunverulegu umfangi, í samráði við umhverfis- og auðlindaráðuneytið.

5 Innra eftirlit

5.1 Inngangur

Forstöðumaður ríkisaðila í A-hluta, eða eftir atvikum stjórn, ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

5.2 Umfjöllun

Greining og mat á eftirlitsumhverfinu leiddi í ljós að ýmsir verkferlar, sem stuðla að innra eftirliti bókhalds og fjármála eru fyrir hendi. Skipurit er til staðar hjá stofnuninni. Fjárhagskerfi ríkisins eru notuð fyrir bókhalds- og launavinnslu og er stofnunin í bókhalds-, launa- og greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Sérstök áhersla var lögð á að kanna hversu vel aðgangsheimildir inn í fjárhagskerfið tryggja eðlilega aðgreiningu starfa og var sú endurskoðun án athugasemda.

5.2.1 Tekjur

Ríkisendurskoðun bendir á að innheimta tekna er ekki í nægjanlega föstum skorðum, nokkuð er um að sértekjur séu færðar á rangt ár og ekki eru notuð viðurkennd tekjuskráningarkerfi.

Mannvirkjastofnun sér um innheimtu á mörkuðum tekjum. Annars vegar samkvæmt 14. gr. laga nr. 146/1996, vegna yfireftirlits með rafveitum en þeim ber að greiða árlega til Mannvirkjastofnunar gjald sem nemur allt að 0,2% af heildartekjum af raforkusölu og leigu mælitækja, og einnig vegna úrtaksskoðana sem stofnunin lætur framkvæma á nýjum neysluveitum og neysluveitum í rekstri en þar er innheimt gjald sem nemur allt að 0,6% af heildartekjum þeirra af raforkusölu og leigu mælitækja. Einnig fær MVS innheimt eftirlitsgjald af rafföngum sem má vera allt að 0,15% af tollverði innfluttrar vöru eða af sambærilegum gjaldstofni innlendrar vöru, en það er Tollstjóraembættið sem sér um innheimtuna. Hins vegar samkvæmt 1. gr. reglugerðar um byggingaröryggisgjald nr. 1068/2010. Samkvæmt þeirri reglugerð ber váttryggingarfélagum og öðrum sem annast váttryggingar á Íslandi að innheimta árlega með iðgjöldum sínum sérstakt byggingaröryggisgjald fyrir Mannvirkjastofnun. Byggingaröryggisgjaldið nemur 0,045% af váttryggingafjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra váttrygginga sem fela í sér brunatryggingu.

Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til Mannvirkjastofnunar að kanna hvort hægt sé að fá staðfestan útreikning á rafveitueftirlitsgjaldi og byggingaröryggisgjaldi frá endurskoðendum þeirra félaga sem í hlut eiga.

Bifreið stofnunarinnar var seld í gegnum bifreiðasölu en ekki í gegnum Ríkiskaup eins og reglur kveða á um. Í þessu sambandi hefur komið fram af hálfu Mannvirkjastofnunar að þeir telji að lögum um opinber fjármál hafi verið fylgt. Haft hafi verið samband við Ríkiskaup á árinu 2012 en Mannvirkjastofnun taldi sig geta fengið betra verð fyrir bifreiðina með því að fara þessa leið. Bifreiðin var seld í árslok 2015 en tekjufærð á árinu 2016. Ríkisendurskoðun bendir á að samkvæmt lögum um opinber fjármál nr. 123/2015 ber að skila söluandvirði ökutækja í ríkissjóð í þeim tilvikum, þegar ekki er um endurnýjun ökutækja að ræða.

Við endurskoðun var farið yfir verksamning um eldvarnir sem Mannvirkjastofnun gerir fyrir hönd eldvarnabandalags við verktaka. Í ljós kom að ekki voru gerðir reikningar né innheimtar 3,0 m.kr. eins og samningurinn kveður á um.

5.2.2 Launamál

Framkvæmd var sérstök skoðun á launum. Við endurskoðun kom í ljós að í einu tilfelli vantaði ráðningarsamning fyrir starfsmann í úrtaki. Ríkisendurskoðun bendir á að í 42. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins nr. 70/1996 segir að gerður skuli skriflegur ráðningarsamningur milli forstöðumanns og starfsmanns. Í ljósi þess að tilgreint er sérstaklega að ráðningarsamningur sé milli forstöðumanns og starfsmanns er mælt til að í þeim tilvikum sem forstjóri undirritar ekki ráðningarsamninga liggi ljóst fyrir hverjir eigi að undirrita ráðningarsamninga í umboði hans og það skjalfest. Samkvæmt upplýsingum forstjóra eru ráðningarsamningar til fyrir alla starfsmenn stofnunarinnar með einni undantekningu sem nefnd er, en um er að ræða starfsmann sem lengstan starfsaldur hefur hjá stofnuninni eða rúmlega 30 ár. Stofnunin hefur nú þegar skýrt áður framsetta verklagsreglu 1.055 um ráðningu starfsmanna þar sem fram kemur að undirskrift er framkvæmd af forstjóra eða skrifstofustjóra í hans umboði. Bíður þessi breyting verklagsreglunnar samþykkis næsta Gæðaráðsfundar.

5.3 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun beinir þeim tilmælum til Mannvirkjastofnunar að kanna hvort hægt sé að fá staðfestan útreikning á mörkuðum tekjum frá endurskoðendum þeirra félaga sem skila byggingaröryggisgjaldi og rafveitueftirlitsgjaldi.

Ríkisendurskoðun leggur áherslu á að Mannvirkjastofnun tryggi að allar tekjur skili sér til stofnunarinnar og að þær séu tekjufærðar á rétt tímabil. Í árslok 2015 var bifreið seld en söluandvirðið var tekjufært á árinu 2016. Ekki var gerður reikningur vegna samningsbundinna verkefna og urðu því sértekjur 3,0 m.kr. lægri en þær hefðu átt að vera. Mikilvægt er að reikningar séu gerðir og bókaðir á rétt tímabil þannig að bókhald endurspegli raunverulega rekstrarniðurstöðu stofnunarinnar á hverjum tíma.

Ríkisendurskoðun hvetur stjórnendur til að skoða hvort ekki sé hægt að nota tekjuskráningarhluta fjárhagskerfisins (AR), til að auka áreiðanleika í tekjuskráningu.

Við endurskoðun kom í ljós að ráðningarsamning vantaði fyrir starfsmann í úrtaki. Forstjóri og skrifstofustjóri undirrita ráðningarsamninga fyrir hönd stofnunarinnar en í úrtak valdist áratuga gamall samningur, sem ekki hafði verið undirritaður á þeim tíma.

6 Fylgni við lög og reglur

6.1 Inngangur

Fjárhagsendurskoðun tekur mið af því hvort rekstur hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárákallaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstrarætlun í kafla 4. Eftirfarandi liðir voru teknir til skoðunar vegna ársins 2016.

6.1.1 Ferðakostnaður

Samkvæmt athugunum á úrtaki ferðareikninga er reglum um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins fylgt. Ferðareikningum er skilað á eyðublað sem Fjársýsla ríkisins hefur látið gera.

6.1.2 Risna

Risnureikningar ársins 2016 voru skoðaðir. Risnureikningar í úrtaki voru samþykktir af forstjóra eins og reglur kveða á um. Upplýsingar um tilefni risnu og hverjir nutu risunnar var skráð á reikninga eða í fylgigögn með reikningum.

6.1.3 Opinber innkaup

Innkaupastefna og verklagsreglur varðandi innkaup eru skjalfestar með viðunandi hætti. Samkvæmt upplýsingum frá skrifstofustjóra eru ákveðnir rammamálningar Ríkiskaupa nýttir, m.a. vegna bílaleigubíla, prentunar og kaupa á tölvum.

6.1.4 Innkaupakort

Sex innkaupakort eru notuð hjá stofnuninni. Kortin eru einkum notuð til að greiða fyrir ferðakostnað og kostnaðarreikninga fyrir Brunamálaskólann. Handhafar korta og úttektarheimildir þeirra eru skráðar.

6.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Engir samningar eru um kaupleigu né um fjármögnunarleigu.

6.1.6 Styrkir

Veittir eru styrkir, meðal annars til fræðslustarfsemi í byggingariðnaði og til Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna sem halda námskeið í grunnskólum landsins. Á árinu var einnig greiddur styrkur til Samtaka iðnaðarins vegna ráðstefnu um stefnumótun íslensks byggingariðnaðar en ákvörðun um styrkveitingu lá fyrir á árinu 2014.

6.2 Niðurstaða

Ríkisendurskoðun bendir á að ekki var farið eftir meginreglu Fjársýslu ríkisins um veitta styrki, sem kveður á um að styrkveitendur skuli ávallt gjaldfæra veitta styrki á því reikningsári sem formleg ákvörðun um styrkveitingu er tekin.

7 Endurskoðun efnahagsliða

Samkvæmt efnahagsreikningi í árslok 2016 námu eignir 2.836,9 m.kr., skuldir námu 36,6 m.kr. og eigið fé í árslok nam samtals 2.800,3. Eigið fé skiptist í höfuðstól sem var jákvæður um 357,6 m.kr. og bundið eigið fé 2.442,7 m.kr.

Í þús kr.	2016	2015	Breyting
Eignir:			
Inneign hjá ríkissjóði	2.726.668	2.432.787	293.881
Skammtímakröfur	94.341	90.815	3.526
Handbært fé	15.856	8.046	7.810
Eignir alls:	2.836.864	2.531.648	305.216
Eigið fé og skuldir:			
Höfuðstóll	357.599	325.624	31.975
Bundið eigið fé	2.442.675	2.164.167	278.508
Eigið fé í árslok	2.800.274	2.489.790	310.483
Skammtímaskuldir	36.590	41.857	-5.267
Eigið fé og skuldir alls:	2.836.864	2.531.648	305.216

7.1 Eignir

7.1.1 Ríkissjóður

Í efnahagsreikningi er gerð grein fyrir greiðslustöðu stofnunarinnar gagnvart ríkissjóði. Þannig er skuld eða inneign færð um viðskiptareikning ríkissjóðs í reikningsskilunum. Í árslok 2016 nam inneign Mannvirkjastofnunar hjá ríkissjóði 2.726,7 m.kr. og hafði hækkað um 293,9 m.kr. á árinu.

7.1.2 Skammtímakröfur

Skammtímakröfur námu 94,3 m.kr. og hækkuðu um 3,5 m.kr. milli ára. Farið var yfir aldursgreindan stöðulista viðskiptakrafna í árslok 2016.

7.1.3 Handbært fé

Handbært fé nam 15,8 m.kr. í árslok 2016 og hafði hækkað um 7,8 m.kr. frá fyrra ári. Handbært fé samanstendur af fjórum bankareikningum auk smásjóðs. Samræmi var á milli stöðu bókhalds og staðfesta yfirlita frá banka og undirritað sjóðstalningarblað var til staðar við endurskoðun.

7.2 Eigið fé og skuldir

7.2.1 Höfuðstóll

Höfuðstóll nam 357,6 m.kr. í árslok 2016. Staða höfuðstóls hækkaði um tæplega 32,0 m.kr. frá fyrra ári eða sem nam tekjuafgangi ársins án bundins eigin fjár.

7.2.2 Bundið eigið fé

Í árslok 2016 nam bundið eigið fé 2.442,7 m.kr og hækkaði það um 275,5 frá fyrra ári, en hér er um að ræða markaðar tekjur sem renna í ríkissjóð .

7.2.3 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir námu 36,6 m.kr. í árslok 2016 og lækkuðu um 5,3 m.kr. frá síðasta ári. Farið var yfir lista skammtímaskulda, nokkrir reikningar voru með eldri stöðu sem ekki hefur verið gengið frá.

7.3 Niðurstaða

Mælt er til að ekki séu hafðir fleiri bankareikningar en þörf er á hjá stofnunum sem eru í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins. Ríkisendurskoðun leggur til að kannað verði hvort ekki komi til álita að loka bankareikningum.

Við endurskoðun ársins 2014 var mælt til að gerðar væru viðeigandi ráðstafanir varðandi eldri skulda og ítrekar Ríkisendurskoðun þau tilmæli hér.

8 Önnur atriði

8.1 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til stofnunarinnar af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af settum forstjóra og fjármálastjóra.

8.2 Lögfræðibréf

Ekki kom fram kostnaður vegna lögfræðipjónustu árið 2016 í bókhaldi Mannvirkjastofnunar og samkvæmt upplýsingum forstjóra, m.a. í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina.

8.3 Óhæðisyfirlýsing

Óhæðisyfirlýsingar þeirra endurskoðenda sem sáu um endurskoðun hjá Mannvirkjastofnun voru undirritaðar.

8.4 Umfang endurskoðunar

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Mannvirkjastofnun var undirrituð af ríkisendurskoðanda og settum forstjóra Mannvirkjastofnunar.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Mannvirkjastofnunar.



Ríkisendurskoðun – Bríetartúni 7
Pósthólf 5350 – 125 Reykjavík
Sími 569-7100

postur@rikisend.is – www.rikisendurskodun.is